

Fundargerð 471. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 19. nóvember 2025 kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í ATRN, Hrefna Rós Matthíasdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ. Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ og Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, boðuðu forföll en í stað Rafns var Sigurbjörg Ottesen varaformaður deildar nautgripabænda innan BÍ.

Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi ATRN.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 470 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef atvinnuvegaráðuneytisins.

2. Erindi frá SAM; Leiðrétting ríkisstuðla til umreiknings við mat á stærð innanlandsmarkaðar og annarri ráðstöfun mjólkur.

Lagt er til að leiðrétta heildarlista ríkisstuðla mjólkurvara vegna gildandi framleiðslustýringar í mjólk svo hægt sé að ákvarða fitu- og próteinhlutfall í einstökum framleiðsluvörum og reikna þar með út ráðstöfun mjólkur sem safnað er frá bændum.

Tillaga samþykkt samhljóða

3. Erindi frá SAM; Tillaga að greiðslumarki mjólkur 2026.

Lagt er til að greiðslumark mjólkur 2026. Tillaga SAM er að það verði 153 milljónir lítra sem er hækkun um eina milljón lítra frá yfirstandandi ári. (0,66%)

Tillaga samþykkt samhljóða og verður send ráðherra til afgreiðslu.

4. Samþykkt var í rafrænni afgreiðslu 12. ágúst sl., að innalandsvog dilkakjöts 2026 verði 6.120 tonn og kjöts af fullorðnu fé 1.025 tonn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið 13.10.